



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 2. desember 2021
SFS2021120052
221. fundur
HG/sp

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að ný félagsmiðstöð við Sæmundarskóla fái nafnið Plútó

Lagt er til að ný félagsmiðstöð við Sæmundarskóla fái nafnið Plútó í samræmi við niðurstöður nafnasamkeppni sem efnt var til meðal nemenda í 5. – 10. bekk.

Greinargerð:

Félagsmiðstöð tók til starfa 1. desember 2021 í Sæmundarskóla. Þar er búið að koma fyrir góðri aðstöðu innan skólans. Fyrir þann tíma hafði félagsmiðstöðin Fókus við Ingunnarskóla boðið upp á félagsmiðstöðvastarf fyrir börn og unglinga í Sæmundarskóla. Í nóvember 2021 var haldin nafnasamkeppni fyrir nýju félagsmiðstöðina við Sæmundarskóla og fengu nemendur í 5.-10. bekk tækifæri til að koma með hugmyndir að nöfnum og setja í hugmyndakassa. Mörg frábær nöfn komu til greina og fékk sami hópur að kjósa á milli nokkurra nafna eftir að hugmyndavinnu lauk og varð nafnið Plútó fyrir valinu. Hugmyndin kom frá nemanda í 7. bekk. Þegar kosningarnar stóðu yfir kom nemandi í 7. bekk fram með það skemmtilega innlegg að fyrst Plútó fengi ekki að vera reikistjarna ætti hún skilið að vera félagsmiðstöð, sem þótti vel við hæfi. Í Plútó starfa fimm starfsmenn, forstöðumaður, aðstoðarforstöðumaður og þrír starfsmenn sem frístundaleiðbeinendur. Félagsmiðstöðin Plútó heyrir undir sameinaða frístundamiðstöð Ársels og Gufunesbæjar. Samkvæmt upplýsingum frá Samfés (Samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi) ber ekki önnur félagsmiðstöð á landinu þetta nafn.